

Nd.

186. Tillaga

til þingsályktunar um skipun siglingafróðra manna til aðstoðar hjeradsdómurum við sjómál.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason og Jón Magnússon.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að leggja fyrir næsta Alþingi, ef tiltækilegt reynist, frumvarp til laga um skipun siglingafróðra manna til aðstoðar hjeradsdómurum við rannsókn mála út af sjósköðum og önnur dómsstörf, er siglingafróðleikur kynni að vera þarflegur til.